20
22. febr.

| | | Í peningum | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. | Aur. |
| | *F. Skinnavara.* | | | | | |
| 31. | 1 hndr. 4 fjórðungar nautskinns . . 10 pund á | 14 | 73 | 58 | 92 | 49 |
| 32. | — 6 —— kýrskinns . . . — — - | 12 | 68 | 76 | 08 | 63 |
| 33. | — 6 —— hrossskinns . . — — - | 10 | 94 | 65 | 64 | 55 |
| 34. | — 8 —— sauðskinns, af tvævetrum og eldri — — - | 6 | 96 | 55 | 68 | 46 |
| 35. | — 12 —— sauðskinns, af veturgömlum og ám — — - | 5 | 25 | 63 | » | 52 |
| 36. | — 6 —— selskinns . . . — — - | 10 | 25 | 61 | 50 | 51 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit . hvert á | » | 34 | 81 | 60 | 68 |
| | *G. Ýmislegt.* | | | | | |
| 38. | 1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á | 9 | » | 54 | » | 45 |
| 39. | — 40 — — —— óhreinsuðum —— - | » | » | » | » | » |
| 40. | — 120 — — fuglafiðri . . . . . 10 pund - | 8 | 44 | 101 | 28 | 84 |
| 41. | — 480 — — fjallagrösum . . . . . — — - | » | » | » | » | » |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . - | 2 | 65 | » | » | 53 |
| 43. | — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . - | 4 | 05 | » | » | 81 |

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

| | Kr. | Aur. | Aur. |
|---|---|---|---|
| *Eptir A. eða í friðu* . . . . . . . . . . . . . . | 90 | 30 | 75 |
| — *B.* — *í ullu, smjöri og tólg* . . . . . . . . . | 60 | 30 | 50 |
| — *C.* — *í ullartóvöru* . . . . . . . . . . . . | 84 | 79 | 71 |
| — *D.* — *í fiski* . . . . . . . . . . . . . . | 66 | 78 | 56 |
| — *E.* — *í lýsi* . . . . . . . . . . . . . . | 21 | 85 | 18 |
| — *E.* — *í skinna-vöru* . . . . . . . . . . . . | 66 | 06 | 55 |
| En meðalverð allra landaura samantalið . . . . . | 390 | 08 | 325 |
| og skipt með 6 sýnir: | | | |
| **Meðalverð allra meðalverða** . | **65** | **01** | **54** |

Reykjavík 22. dag febrúarmán. 1895.

*J. Havsteen.* *Hallgr. Sveinsson.*

21
28. febr.

**Brjef landshöfðingja** *til landlæknisins* **um læknisverkfæri, tilheyrandi hinu opinbera.** — Með því að amtmaðurinn í suðuramtinu og vesturamtinu hefur í brjefi 28. f. m. skýrt mjer frá, að hann hafi orðið þess áskynja, meðal annars af upplýsingum, er hann í því efni hafi fengið frá yður, herra landlæknir, að lítið eða ekkert eptirlit hafi að undanförnu átt sjer stað að því er snertir læknisverkfæri þau, er á kostnað landssjóðs og amtsjafnaðarsjóðanna voru lögð ýmsum hjeraðslæknisembættum hjer á landi áður en tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi kom til framkvæmdar og áður en hin nýja læknaskipun komst á, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, að heimta sem fyrst ýtarlegar skýrslur þeirra lækna, sem hafa undir höndum læknisáhöld, er tilheyra hinu opinbera, en það eru hjeraðslæknarnir í 6. 7. 11. 15. 18. eða 19. og 20. læknishjeraði, um það, hver verkfæri sjeu í þeirra vörzlum og hvernig ásigkomulag þeirra sje, og ber yður jafnframt eptirleiðis að hafa eptirlit með því á umsjónarferðum yðar, að verkfærin sjeu vel meðhöndluð.

Jafnframt skal jeg hjer með leggja fyrir yður að bjóða hjeraðslæknunum í 4. 6. 11. og 15. læknishjeraði að senda hingað »Phantom« þau, er þeir hafa undir höndum, með því að þeir eptir að lög nr. 9. 13. apríl f. á. um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875 eru komin í gildi, hafa eigi áhalda þessara lengur þörf.